

DALAKOFINN

- Kótelettukvöld -

Föstudaginn 18. mars kl. 20:00 verður kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum.

Kóteletturarnar eru sérvaldar og þykkan að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti er brúnaðar kartöflur, heimagert rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávextir.

Dúettinn LúXus þeir Elvar Braga og Binni spila og syngja. Miðaverð er 5.000 kr.

Síðasti skráningardagur er mánudaginn 14. mars. Hægt er að skrá sig í síma 464 3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is

Á heimasíðu Dalakofans, dalakofinn.is eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingarstaðarins og fleira

Verið ávallt velkomin.
Dalakofinn Laugum. dalakofinn.is
s. 464 3344

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

8. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 9. mars 2016

Afmælisbörn dagana 10. mars — 16. mars 2016

11. Arnheiður Rán Almarsdóttir, Ragnar Davíð Baldvinsson.
12. Ellert Bjarki Gunnarsson, Gunnar Atli Fríðuson, Gunnar Þór Brynjarsson, Ingimar Atli Knútsson.
15. Elvar Goði Yngvason.

Aðalfundur Kvenfélagsins.

Af óviðráðanlegum orsökum frestast aðalfundur kvenfélagsins sem vera átti í kvöld um viku og verður Miðvikudaginn 16. mars kl. 20:00 í Reykjahlíðarskóla.

Venjuleg aðalfundarstörf, lagabreytingar. Nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Klipping og litun.

Er að koma í Mývatnsveit að klippa og lita, föstudaginn 18. mars og laugardaginn 19. mars. Verð hjá Dísu í Vogum II, efri hæð.

Bestu kveðjur, Íris Ragnarsdóttir
hársnyrtímeistari og fördunarfræðingur,
Pantanir í sími 891 6252
eða hjá Dísu í Vogum í síma 867 8249 ;)





Aðalfundur og bókasþjall

Nú er komið að síðasta bókasþjallinu í vetur og verður það haldið hjá Bjarna og Guðrúnu í Birkihrauni 9. fimmtudaginn 10. mars kl. 20.00. Til umræðu verður bókin Náttblinda eftir Ragnar Jónasson. Kaffi og kruður og allir velkomnir.

Aðalfundur Gjallanda verður haldinn miðvikudaginn 30. mars kl. 20.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Staðsetning kynnt síðar.



Fundarboð! Aðalfundur

Ágætu félagar.
Aðalfundur björgunarsveitarinnar Stefáns verður haldin **sunnudaginn 20. mars kl. 20:00** í húsnæði sveitarinnar við Múlaveg 2.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Hefaðar veitingar í boði (*pizza*) og gos

Félagar fjölmennum, ræðum og skipuleggjum næsta ár og eigum góða kvöldstund.

Nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin



Jarðböðin við Mývatn.

Nokkrar stöður enn lausar í sumar í afgreiðslu og í Kaffi Kvik.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útivakt, þrif, símavörslu og annað sem til fellur.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum.

Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.

Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er kostur.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðbaðanna á netfangið friduson@jardbodin.is

Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns.

Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirími.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Sundlaugin á Laugum

Við leitum að starfsfólki fyrir sumarið 2016.

Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu, öryggisgæslu og þrif. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, vera tilbúnir að tileinka sér þætti skyndihjálpar og standast hæfnispróf sundstaða. Starfið reynir á frumkvæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu, lipurð í mannlegum samskiptum, góða athygli og eftirtekt.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2016.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 866 9887. Áhugasamir vinsamlega hafið samband við forstöðumann eða sendið umsókn á netfangið elinf@ismennt.is Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu sundlaugar eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Opnunartími um páska 2016:

Mán. 21. mars: 7³⁰ - 9³⁰ og 16⁰⁰ - 21³⁰
Þri. 22. mars: 7³⁰ - 9³⁰ og 16⁰⁰ - 21³⁰
Mið. 23. mars: 7³⁰ - 9³⁰ og 16⁰⁰ - 21³⁰
Skírdagur.: 14⁰⁰ - 17⁰⁰
Föstud. langi: Lokað
Lau. 26. mars.: 14⁰⁰ - 17⁰⁰
Páskadagur: Lokað
Annar í páskum: 14⁰⁰ - 17⁰⁰



Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps auglýsir eftir starfsmanni til sumarafleysinga.

Starfið felur í sér þrif, afgreiðslustörf, útvinnu og annað sem til fellur. Reynsla af afgreiðslustörfum og þrifum er kostur. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum Framsýnar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til Ástu Price á netfangið ims@myv.is

Barnapössun.

Frá mánudeginum 14. mars til laugurdagsins 14. maí verður Tinna með barnapössun frá kl. 17:00 til kl. 18:30 fyrir þá foreldra sem eru að æfa í þrek- eða íþrottasal.

Það kostar 500 kr. hvert skipti fyrir barn og 20 % afsláttur fyrir systkini.



Jarðböðin

bjóða upp á kótelettur í hádeginu frá kl. 12:00 - 14:00 alla fimmtudaga í vetur. Verð 1.500 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna.